

Hluthafafundur Fly Play hf.

Verður haldinn miðvikudaginn 30. Nóvember 2022 á skrifstofu félagsins að Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík, kl. 16:30.

Dagskrá fundarins er með eftirfarandi hætti:

1. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins sem veita stjórn heimildir til:
 - a. að hækka hlutfé félagsins um allt að kr. 228.670.505 að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Sölugengi hinna nýju hluta skal ákveðið af stjórn félagsins. Hluthafar falla frá forgangsrétti skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög. Heimildin gildir til aðalfundar félagsins fyrir rekstrarárið 2022. Nýir hlutir skulu veita réttindi frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar og gilda samþykktir félagsins um þá.
 - b. að gefa út áskriftarréttindi sem veita rétt til áskriftar að hlutum allt að nafnverði kr. 57.167.631. Áskriftarréttindin má nýta í 10 daga frá þeim degi sem ársuppgjör fjárhagsársins 2023 er birt. Áskriftargengið er það sama og í útgáfu hluta sem fer í tengslum við þessa heimild, auk vaxta sem nema gildandi 7-daga veðlánavöxtum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Heimild þessi gildir til 31. desember 2022, að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt. Stjórn er jafnframt heimilt til 1. maí 2024 til að ákveða hækkun hlutfjár félagsins í samræmi við nýtingar áskriftarréttinda. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum í tengslum við útgáfu áskriftarréttinda og nýrra hluta sem gefnir verða út vegna nýtingar slíkra áskriftarréttinda.
2. Önnur mál, löglega fram borin

Nánari upplýsingar um fundarsókn og atkvæðagreiðslu:

Aðilar sem eru eignaskráðir hluthafar í hlutaskrá skv. hluthafakerfi félagsins þegar fundurinn fer fram geta beitt réttindum sínum á fundinum. Uppgjör viðskipta hjá Nasdaq verðbréfamiðstöð fer fram tveimur dögum eftir viðskiptin og því er mælt til þess að síðasti viðskiptadagur sé þann 27. nóvember, vilji hluthafi beita réttindum sínum á fundinum. Hluthafar geta látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Tekið skal fram að umboð getur aldrei gilt lengur en í eitt ár frá dagsetningu þess. Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Hluthafar eiga rétt á að fá mál sett á dagskrá fundarins og leggja fram ályktunartillögur ef gerð hefur verið skrifleg eða rafræn krafa um það með nægilega miklum fyrirvara til að unnt sé að taka málið á dagskrá. Slík erindi skulu send á tölvupóstfangið legal@flyplay.com og munu þau verða birt á vefsíðu félagsins. Hafi hluthafi krafist þess að fá mál tekið til meðferðar á fundinum eða lagt fram ályktunartillögu fyrir þann tíma verður endanleg dagskrá og tillögur uppfærðar á vefsíðu. Mál sem ekki hafa verið tilgreind í dagskrá hluthafafundar er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins.

Endanleg dagskrá, fundarboðun og tillögur auk annarra upplýsinga um hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins eigi síðar en 23. nóvember 2022.

Stjórn Fly Play hf.